Nýútkomin auglýsing.

Auglýsing um borgun fyrir brjefspjöld milli hins danska og hins íslenzka póstumdœmis. Gefin út 18. dag maímánaðar 1880, birt í deildinni A. bls. 36—37.

Opna brjefið frá 2. marz 1880 um alþingiskosningarnar, er auglýst var 19. s. m., að komið hefði út, sjá bls. 41 hjer að framan, hefir nú verið prentað í deildinni A. bls. 34—35.

— *Brjef* landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um* lán handa sýslunefnd. — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, er hefir tekið að sjer að sjá um, að barnaskólahúsið á Akranesi verði fullgert, veitist henni til þessa úr viðlagasjóði 800 kr. lán, er mun geta fengizt út borguð í næstkomanda júní gjalddaga með þessum skilyrðum: **86** 15. maí.

1, að sýslunefndin eða oddviti hennar fyrir hennar hönd gefi út skuldabrjef fyrir þessu láni;
2, að greiddir verði af láninu 4% ársvextir;
3, að lánið verði endurborgað með 400 kr. fyrir 11. desbr. 1880 og 400 kr. fyrir 11. desbr. 1881.

Þetta er tjáð yður, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef* landshöfðingja *til póstmeistara um* póstgjald fyrir hektograferuð og polygraferuð blöð. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland dags. 10. apr. þ. á. og ákvörðunum, er gjörðar hafa verið um póstsendingar milli Danmerkur og annara ríkja, vil jeg tjá yður herra póstmeistari til þóknanlegrar leiðbeiningar og athugunar, að blöð, sem rituð eru með «hektograf», «polygraf» eða á annan slíkan hátt, skulu meðhöndluð sem almennar brjefsendingar, þó skal því að eins heimta hjer á landi aukaburðargjald af slíkum sendingum, er kynnu að koma hingað með ónógum póstmerkjum frá öðrum löndum en Danmörku, að þau sjeu merkt stafnum T. Komi hektograferuð eða polygraferuð blöð fyrir í innanlandspóstsendingum, ber að fara með þau alveg eins og með venjuleg brjef, samkvæmt 1. gr. a. laga 15. okt. 1875. **87** 24. maí.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* fyrirlestra á prestaskólanum. — Með brjefi frá 13. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun neðri deildar alþingis þess, sem haldið var í fyrra sumar, þar sem skorað er á yður að hlutast til um, að kennararnir við prestaskólann láti prenta fyrirlestra sína, eða gefi út kennslubœkur í þeim námsgreinum, sem þeir kenni, og hafið þjer, um leið og þjer skírskotið til álitsskjala þeirra, sem þjer af þessu tilefni hafið útvegað frá kennurum prestaskólans og frá stiptsyfirvöldunum, látið ráðgjafanum í ljósi yðar eigin þóknanlegar tillögur um málið. **88** 25. maí.

Fyrir því skal þjónustusamlega skorað á yður, að hlutast þóknanlega til um, að forstöðumanni tjeðrar menntastofnunar verði til kynnt, að ráðgjafinn með tilliti til hins

Hinn 26. júní 1880.